



Leikskólinn

Leikskólinn Grænuvellir er að lðavöllum 1 á Húsavík og er rekinn af Norðurþingi. Leikskólinn var opnaður 15. september árið 2007 sem Grænuvellir eftir sameiningu tveggja leikskóla, Bjarnahúss (1995-2007) og Bestabæjar (1980-2007). Leikskólinn Grænuvellir var 6 deilda leikskóli til ársins 2009 en þá bættist við 7. deildin í viðbyggingu við Grænuvelli á norðurlóð leikskólans. Haustið 2017 var áttunda deildin opnuð í starfsmannaaðstöðu leikskólans, sama ár og eins árs börn voru markvisst tekin inn í leikskólann. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid komu í opinbera heimsókn í Norðurþing og opnaði forsetinn deildina formlega 18. október 2017. Sveitarfélagið festi kaup á einbýlishúsi að lðavöllum 8 og fluttist starfsmannaaðstaða leikskólans þangað ásamt skrifstofu sérkennslustjóra. Skólastjóri á starfsárinu er Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir. Starfsáætlun er skilað til fræðslufulltrúa Norðurþings og kynnt fjölskylduráði veturinn 2020.

Um miðjan mars 2020 bankaði COVID-19 hressilega upp á og er viðbúið að veiran muni hafa áhrif á starfsemi leikskólans um einhverja hríð en að annars verður reynt að halda í allar áætlanir eftir stöðu veirunnar í samfélaginu hverju sinni.

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi barna er breytilegur en í september 2020 eru þau 111, 61 drengur og 50 stúlkur. Í nóvember eru 134 börn í leikskólanum og dvalargildi í nóvember eru 1301,9 og eru flest börn í 8 tíma vistun. Dvalargildi er reiknað þannig að vistunartími á dag er margfaldaður með barngildisstuðli þannig að eins árs barn í 8 tíma vistun reiknast $2 \times 8 = 16$ dvalargildi á meðan 5 ára gamalt barn í 8 tíma vistun reiknast $0,8 \times 8 = 6,4$.

Dvalargildi í nóvember eftir árgöngum:

2019, 21 barn 318 dg og 42 bg

2018, 28 börn 217dg og 44,8 bg

2017, 25 börn 224,5dg og 32,5 bg

2016, 28 börn 221dg og 28 bg

2015, 30 börn 191,2dg og 24bg

Einstæðir foreldrar í nóvember eru 16 og fá afslátt af vistunargjöldum samkvæmt reglum leikskólans og 19 fá 50% systkinaafslátt, 1 barn fær 100% afslátt af vistunargjöldum.

Áætlað er að fram til mars 2021 muni um 9-10 börn hefja vistun á Grænuvöllum. Leikskólinn getur tekið á móti um 150 börnum en þá telst öll vistun fullnýtt. Aðlaganir vegna yngstu barnanna á starfsárinu eru í ágúst, nóvember og janúar og mars. Einnig bjóðast vistanir eldri barna á öðrum tímum þar og þegar er laust. Alls eru 25 börn með einstaklingsnámskrá og 20 tvítyngd börn.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er misjafn yfir skólaárið vegna mismunandi fjölda barna. Aðlaganir á skólaárinu eru fjórar og þá er stöðugildum fjölgað ef þarf og ef fjárhagsrammi leyfir. Meðaltal stöðugilda er 45. Í nóvember eru 4 starfsmenn í fæðingarorlofi og von er á að þrír starfsmenn til viðbótar fari í fæðingarorlof eftir áramót en á sama tíma eiga tveir starfsmenn að snúa til vinnu úr fæðingarorlofi. Menntaðir leikskólakennarar á deildum eru í 4,7 stöðugildum og einn starfsmaður með leyfisbréf til kennslu í 87,5 stöðugildi. Kennarar með B.Ed. eru þrír í 3 stöðugildum. Leikskólaliðar eru í 1,56 stöðugildum, aðrir háskólamenntaðir starfsmenn með menntun sem nýtist í starfi eru í 4,65 stöðugildum. Sérkennslustjóri er í 87,5% stöðuhlutfalli, verkefnastjóri er í 50% stöðuhlutfalli. Stuðningar auk sérkennslustjóra eru í 4,87 stöðugildum og sinna þeir sérþörfum á öllum deildunum átta. Afleysing vegna undirbúnings er 2 stöðugildi og vegna veikinda 2,37 stöðugildi. Tveir starfsmenn á vegum AMS í samtals 75% stöðuhlutfalli. Tveir starfsmenn eru á vegum Vinnumálastofnunar í samtals 75% stöðugildi. Sex starfsmenn eru í fjarnámi í leikskólakennarafræðum og kennsluréttindum. Auk þess eru 6 starfsmenn í leikskólaliða námi.

Faglegar áherslur

Leikskólinn starfar eftir námskrá Grænuvalla sem byggir á Aðalnámskrá leikskóla 2011. Námskáin er í endurskoðun.

Regnhlífin yfir starf leikskólans er Jákvæður agi sem er hugsmíði Dr. Jane Nelsen. Stefnan er byggð á verkum sálfræðinganna Alfred Adler og Rudolf Dreikurs og er ætlað að kenna ungu fólki að sýna sjálfum sér og öðrum virðingu, vera ábyrgir og lausnamiðaðir þátttakendur í samfélagi. Jákvæður agi kennir mikilvæga félagsfærni og lífsleikni á virðulegan og hvetjandi hátt bæði fyrir börn og fullorðna.

Auk þess er starf leikskólans í anda John Dewey sem lagði áherslu á að læra af reynslu og eigin áhuga í gegnum leik. Hann taldi að hvert barn væri virkt, byggi yfir forvitni og vildi rannsaka og því er lagt upp úr því að hafa fjölbreyttan og krefjandi efnivið fyrir börnin. Dewey stofnaði Rannsóknarstofuskólann þar sem börn voru hvött til að læra af reynslu, skýra lykilatriðin og nota kennslustundirnar til að fá hagnýtan árangur. Samkvæmt Dewey á menntun að búa börn undir að taka fullan og virkan þátt í að móta framtíðarsamfélag.

Lögð er áhersla á að allt starfsfólk sæki réttindanámskeið í Jákvæðum aga og að leikskólakennarar hafi réttindi í HLJÓM-2, TRAS, MIO og EFI-2. Starfsfólki er gefinn kostur á að sækja þau námskeið sem þau óska eftir og sérstaklega ef þau samræmast starfi leikskólans t.d TEACH, TMT, námskeið um einhverfu, ADHD og námskeið um málörvun, læsi, leik, útinám, hreyfingu og fleira.

Mat og umbætur

Ytra mat á starfi Grænuvalla er á ábyrgð sveitarfélagsins og Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Eftir úrvinnslu á innra mati á starfi síðasta skólaárs var tekin ákvörðun um að minnka skipulagt starf börnunum í hag. Auk þess var ákveðið að fækka árgöngum saman á deild og hafa tvo saman í stað þriggja. Það er byggt á samtali við starfsfólk og niðurstöðum Skólapúlsforeldrakönnun. Frá ágúst til loka desember er lögð rík áhersla á teymisvinnu, starfendarannsóknir og starfsþróun starfsmanna með því að deila reynslu og læra hvert af öðru, sérstaklega varðandi Jákvæðan aga og læsi. Eftir áramót þegar búið verður að meta fyrri hluta vetrarins munu deildir starfa meira sjálfstætt eftir námskrá en þó lögð mjög rík áhersla á samvinnu milli deilda og árganga. Þá verður lögð ríkari áhersla á leikinn og á ábyrgð hvers deildastjóra að starfað verði eftir námskrá og agastefnu leikskólans. Með breytingunni vonumst við til að skapa rólegra andrúmsloft þar sem börnin fá meiri tíma í leik til að prófa sig áfram og læra af eigin reynslu, virkni og áhuga auk þess sem starfsfólkið mun áfram vinna saman í teymum en færri fundir verða á dagskrá og því meiri samfella í starfinu inni á deildum. Starfsmannakönnun Skólapúls verður lögð fyrir starfsfólk og unnið að endurbótum út frá niðurstöðum. Allt starfsfólk mun skila inn matslista um Jákvæðan aga þar sem könnuð er þekking og færni starfsfólks á agastefnunni. Niðurstöður HLJÓM-2, MÍÓ og TRAS eru skoðaðar í samhengi þar sem skoðað er hvernig hægt að er að vinna betur með lakari þætti. Að vori skila deildastjórar greinagerð um gengi vetrarins. Jákvæðs aga stýrihópur skilar greinagerð í lok

skólaárs en áframhaldandi vinna með agastefnuna byggir á greinagerð stýrihóps. Allt upp talið er hluti af innra mati skólans.

Foreldrasamstarf

Á Grænuvöllum er þátttökuaðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í aðlögun barna sinna yfir viku tíma. Fyrir aðlögun eru foreldrar boðaðir á foreldrafund þar sem farið er yfir starf leikskólans og fyrirkomulag aðlögunar. Að hausti er foreldrafundur ætlaður öllum foreldrum leikskólans og eftir hann er kynning á starfi deilda á deildum. Foreldrum nýrra barna er boðið upp á samtal þremur mánuðum eftir að barn byrjar í leikskólanum þar sem farið er yfir líðan og gengi barnsins. Árleg foreldrasamtöl fara fram að vori. Foreldrum er velkomið að hafa samband og óska eftir samtali oftár á skólaárinu og kennarar kalla einnig stundum til auka fundar. Ömmu- og afa kaffi er einu sinni á ári þar sem ömmur og afar koma í heimsókn og fá kaffi og með því sem börnin hafa útbúið sjálf. Í nóvember er foreldrum boðið að koma og eiga stund með börnum sínum og fönndra fyrir jólin. Á degi leikskólans er foreldrum sem og öðrum boðið að koma á opið hús í leikskólanum og einnig á vorsýningu barnanna. Tveir elstu árgangarnir eru í samstarfi við Hvalasafnið og Menningarmiðstöðina en foreldrum þeirra er boðið á opnun sýningar í söfnunum. Foreldrafélagið stendur fyrir vorhátíð þar sem foreldrar og börn koma saman á lóð leikskólans og hafa gaman saman. Við leikskólann er foreldraráð sem í sitja 3 foreldrar. Fundað er í foreldraráði eftir þörfum en leikskólastjóri og foreldraráð funda 1-2 sinnum á skólaárinu en annars fara samskipti fram með tölvupósti.

Dagleg samskipti og upplýsingaöflun til foreldra fer fram í fataklefa, gegnum Karellen, tölvupóst og með upplýsingum á töflum við innganga inn á deildir.

Samstarf við grenndarsamfélag

Leikskólinn er hluti af KELDUNNI sem er samvinna skóla- og félagsþjónustu, skólastofnanna og heilbrigðisstofnunar. Í gegnum KELDUNA er foreldrum veitt aðstoð í ýmsu formi á jafnréttisgrundvelli.

Leik- og grunnskóli eiga reglulegt samstarf í formi skipulagðara og óskipulagðra heimsókna en einnig taka báðir skólar þátt í sama þróunarverkefni um starfsþróun kennara. Elsti árgangur fer í vorskóla og árlega koma bekkir úr grunnskóla í heimsókn í leikskólann. Skólastigin funda að vori þar sem farið er yfir útkomu m.a. úr HLJÓM-2, TRAS og MIO.

Tónlistarskóli og leikskóli hafa til margra ára átt farsælt samstarf en kennari í tónlistarskóla kennir elsta árgangi einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina. Tónlistaskóli mun sjá um undirspil á jólaskemmtun leikskólans og mögulega á þorrablóti leikskólans. Hvammur-heimili aldraðara og Skógarbrekka hafa óskað eftir meira samstarfi við leikskólann auk þess sem leikskólabörnum hefur verið boðið að taka þátt í starfi eldri borgara í Hlyn. Öll söfn bæjarins hafa tekið vel á móti leikskólabörnum og er leikskólinn í árlegu samstarfi við bæði Hvalasafnið og Menningarmiðstöð Þingeyinga og á báðum stöðum er afrakstur samstarfsins sýndur á söfnunum. Leikskólinn hefur ávallt aðgang að skóla- og félagsþjónustu Norðurþings varðandi bæði ráðgjöf og samtal. Björgunarsveitir, slökkvilið, sjúkraflutningamenn og lögregla hafa komið árlega á plan leikskólans með tæki og tól á 112 deginum. Einu sinni í mánuði kemur talmeinafræðingur frá Akureyri í leikskólann og sinnir greiningu og þjálfun og vikulega sinnir talmeinafræðingur í bæjarfélaginu þjálfun í leikskólanum.

Skóladagatal-dagskipulag

Skóladagatal er samþykkt af fjölskylduráði og aðgengilegt á heimasíðu leikskólans; graenuvellir.karellen.is. Í leikskólanum er ákveðinn rammi sem er þó sveigjanlegur en deildir hafa mismunandi dagskipulag en allar hafa þær fasta dagskrá sem fer fram á mismunandi tímum. Matartímar og hvíld fara eftir aldri barna.